

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12. júlí 2013 8.14.2
Tilv. _____

Seyra ehf  
Vetrarbraut 12  
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 12. júlí 2013  
Tilvísun: UST20130500181/gsá

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í fyrra bréf stofnunarinnar, dagsett 3.júní 2013, þar sem Seyru ehf. var veittur frestur til að skila upplýsingum um niðurstöðu mælinga og skráningar samkvæmt ákvæðum starfsleyfis fyrir móttöku og flokkun sorps á Siglufirði, m.a. magn og gerð úrgangs sem mótttekinn er og til þess að koma sjónarmiðum á framfæri vegna áforma stofnunarinnar um að veita Seyru ehf. áminningu, sbr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.


**Umhverfisstofnun veitir hér með Seyru ehf. áminningu, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003, vegna þess að Seyra ehf. hefur ekki skilað þeim magntölum úrgangs sem ber að gera sbr. ákvæði í starfsleyfi og fyrirtækinu er skylt skv. 9. gr. laga nr. 55/2003. Umhverfisstofnun veitir hér með rekstraraðila frest til úrbóta til og með 7. ágúst 2013.**


Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 446/2012. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur